

## Fundur hússtjórnar Þjóðveldisbæjarins,

haldinn á Teams, mánudaginn 4. nóvember 2024, kl. 14:00.

Mætt voru Guðmundur Finnbogason, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Harpa Þórsdóttir og Vilhelmína Jónsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð þessa.

### Máldagi - endurskoðun

GF sagði frá samtali og fundum GF og VJ varðandi endurskoðun máldagans. Sýndi á skjánum endurskoðaðan máldaga. Markmið endurskoðunar er að færa máldagann nær því hvernig starfsemi þjóðveldisbæjarins og hússtjórnar er raunverulega háttað og endurskilgreina fjárhagsleg framlög aðilanna sem að máldaganum standa.

Umræður fóru fram um einstaka greinar.

Samþykkt að stjórnarmenn lesi orðalag nákvæmlega yfir fyrir komandi föstudag, 8. nóvember nk. og sendi skriflegar athugasemdir á aðra stjórnarmenn fyrir þann tíma. GF og VJ munu taka endurskoðaðan máldaga áfram innan Landsvirkjunar og ráðuneytis og fá staðfesta fjárhæð á framlög þessara aðila.

BHÁ mun ræða framlag Skeiða- og Gnúpverjahrepps á fundum í tengslum við vinnu fjárhagsáætlunar og senda hússtjórn staðfesta fjárhæð þegar hún liggur fyrir.

Samkvæmt áætlunum hússtjórnar þyrfti framlag allra aðila máldagans að vera árlega a.m.k. 9 m.kr. til þess að standa straum af nauðsynlegu viðhaldi hússins.

### Heimtaug

GF sýndi teikningar af nýrri heimtaug og skáp inn á lóð til að tengja við Þjóðveldisbæinn. Í samtali GF við verktaka vöknudu spurningar um stærð heimtaugar þar sem árgjald hækkar verulega ef heimtaugin er of stór. GF mun kanna nánar í samstarfi við RARIK og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

### Vatnstenging

Mál gagna vel varðandi nýja tengingu við Eiríksbúð. GF fylgir því máli eftir.

### Reikningur frá Þjóðveldisbænum til rekstraraðilans, v. leigu 2024

Skv. áætlun hefði reikningur átt að vera 600 þús. kr. Stjórn hefur áður samþykkt 70% afslátt af leigugjaldi ársins þar sem ekki hefur enn verið gengið frá nauðsynlegum innviðum á lóðinni. Með afslætti verður leigan því um 180 þús. kr. Þar sem rekstraraðilar höfðu opið lengur á þessu ári hækkar leigugjaldið eitthvað, en þó óverulega.

Stjórn samþykkir að fela GF að innheimta leigugjald ársins á framangreindum forsendum.

### Viðhaldsverkefni sumarsins 2025

Rætt um samningsmál og tilboð frá Unnsteini hleðslumanni, sbr. tölvupóst með tilboði frá honum. Stjórn sammála um að semja við Unnstein um verkefni næsta sumar og forgangsraða endurbyggingu og nauðsynlegum endurbótum á búrinu. Enn á þó eftir að ganga frá nákvæmari forsendum verksins og endurgjaldi til Unnsteins.

BHÁ kannar möguleika á gistingu hjá heimafólki. HP verður í sambandi við Unnstein vegna nánari forsendna varðandi verkið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:50.